

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015, vatnsból og frístundasvæði í landi Dalbæjar III og vestan við Flúðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003-2015 frá 20. desember 2005.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Skilgreint er vatnsverndarsvæði, grann- og fjarsvæði í kringum vatnsból B8 og B9 í Fagradal í landi Berghyls. Vatnslögn frá vatnsbólunum liggur til suðurs meðfram reiðleið, um vatnsverndarsvæði á Hrunavöllum og þaðan í suðvestur til Flúða.
2. Svæði undir frístundabyggð í landi Dalbæjar III (F15) færast lítillega til vesturs og tvöfaldast að stærð, í 22 ha með 18 lóðum.
3. Tvö ný svæði sunnan Bræðratunguvegar vestan við Flúðir breytast úr landbúnaðarsvæði, annars vegar 29 ha svæði fyrir frístundabyggð (F25) þar sem gert er ráð fyrir 10-15 frístundahúsalóðum og hins vegar 9 ha svæði með blandaðri landnotkun ópins svæðis til sérstakra nota og svæðis fyrir frístundabyggð (F26) þar sem gert er ráð fyrir 4 - 6 frístundahúsalóðum og svæði fyrir skógrækt.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hrunamannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007